

Aðgerðaáætlun 2021 – 2024

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í svo að verndargildi Goðafoss haldist. Einnig eru aðgerðir þessar til að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlun um framtíðarsýn náttúruvættisins. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir og hins vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun). Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna. Margar af eftirfarandi aðgerðum eru komnar í ferli við útgáfu áætlunarinnar.

Árlega

- ✓ Umhverfisstofnun fylgist með ástandi innviða og geri ráðstafanir um úrbætur eftir því sem þörf er á.
- ✓ Árlega verði gönguleiðir ástandsskoðaðar.
- ✓ Árlega verði unnið að upprætingu á framandi ágengum tegundum.
- ✓ Landvörður skal vakta stíga og mannvirki reglulega m.t.t. öryggismála og skrá það í dagbók landvarða og gera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni.
- ✓ Uppfæra skal öryggisáætlunina annað hvert ár.

2021

- ✓ Kort af svæðinu verði uppfært.

2022

- ✓ Fræðsluáætlun unnin.
- ✓ Áætlun um þörf á fræðslu og upplýsingaskilti unnin.
- ✓ Lokun á villustígum.
- ✓ Skoðað verði í samstarfi við landeigendur áhrif beitar á hið friðlýsta svæði.
- ✓ Umhverfisstofnun skilgreini ábyrgðaraðila að göngubrúnni í samráði við sveitarfélag og Vegagerðin.
- ✓ Sett verði upp gerði að vestan áður en farið er yfir brúna.
- ✓ Ný reiðleið meðfram þjóðveginum og vestan niður að gömlu slóðunum að vaðinu yfir Hróteyjarkvísl
- ✓ Koma upp stæði fyrir reiðhjól.
- ✓ *Öryggisáætlun friðlýstra svæða* stofnunarinnar verði staðfærð fyrir Goðafoss.

2023

- ✓ Aðgerðaáætlun verði endurskoðuð.